

Rammaáætlun  
Ása L. Aradóttir  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2021  
MÍ202101-0100/ 6.10 / A.S.

## Mat á gæðum gagna um menningarminjar vegna Rammaáætlunar

Með bréfi dagsettu 21. janúar sl. óskaði Ása L. Aradóttir f.h. faghóps 1 í 4. áfanga rammaáætlunar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um hvort fyrirbyggjandi gögn samkvæmt skýrslu sem fylgdi bréfinu væru nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni.

Skýrslunni er skipt í annars vegar vindorkukosti og hins vegar vatnsaflsvirkjanir. Minjastofnunin gerir ekki athugasemd við mat á gæðum gagna á þeim svæðum sem liggja til grundvallar fyrir mögulega vindorkunýtingu.

Stofnunin vill hins vegar gera athugasemd við mat á gæðum gagna vegna þriggja vatnsaflsvirkjana; Vatnsfellsvirkjun, Hrauneyjarfossvirkjun og Sigalda-Þjórsá. Í matskafla allra þriggja er sami texti: „Matssvæðið er innan Ásahrepps en árið 2006 -2008 var gerð fornleifaskráning fyrir Ásahrepp. Sú skráning með stuðningi frá öðrum skráningum ætti þó að vera nægjanleg til að meta svæðið fyrir rammaáætlun.“

Aðalskráning heils sveitarfélags er yfirleitt ekki nógu nákvæm til að hægt sé að nýta hana til að leggja mat á einstök svæði að undanskildum heimatúnum bæja. Annars staðar og þá sérstaklega á afskekktum svæðum og afréttum eru yfirleitt skoðaðar heimildir um svæðið og einungis farið á þá staði sem heimildir eru um fornleifar eða mögulegar fornleifar og þær skráðar. Svæðið er sem sagt ekki skipulega skráð á vettvangi. Minjastofnun vill því leggja til að mat á gæðum gagna þessara þriggja virkjana verði fært úr B í C.

Jafnframt var í bréfinu óskað eftir samráðs- og rýnifundi með viðkomandi sérfræðingum Minjastofnunar til að fara yfir gögnin, í samræmi við verklag í fyrri áföngum Rammaáætlunar. Tengiliður Minjastofnunar Íslands vegna þessa er Oddgeir Ísaksen,



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Rannsóknar- og  
miðlunarsvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Agnes Stefánsdóttir  
Sviðsstjóri  
[agnes@minjastofnun.is](mailto:agnes@minjastofnun.is)

[oddgeir@minjastofnun.is](mailto:oddgeir@minjastofnun.is) og er forsvarsmönnum faghóps 1 bent á að hafa samband við hann til að koma á slíkum fundi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Agnes Stefánsdóttir'.

Agnes Stefánsdóttir  
Sviðsstjóri